


KIWANISKLÚBBURINN HÖFÐI

GRAFARVOGUR - REYKJAVÍK



EO 895

STOFNDAGUR 17. APRÍL 1990
FULLGILDINGARDAGUR 31. ÁGÚST. 1990
VÍGSLUDAGUR 20. OKTÓBER 1990

Skýrsla forseta Höfða

Svæðisráðsfundur 26 mars 2011

Frá síðasta svæðisráðsfundi sem haldinn var í Kiwanishúsinu við Engjateig 11 þann 13. nóvember 2010, er þetta helst í fréttum frá Kiwanisklúbbum Höfða.

Fundir og mannfagnaðir;

Haldnir hafa verið 8 fundir, 5 félagsmála fundir og þrjár almennir fundir auk þess sem vert að að geta sérstaks jólafundar sem haldinn var með þátttöku eiginkvenna okkar. Félagar komu með jólapakka sem síðan voru boðnir upp og seldir hæstbjóðendum og rann ágóðinn í félagssjóð. Samkvæmt venju kom prestur á jólafundinn, séra Bjarni Þór Bjarnason og flutti hann jólahugvekju.

Ýmislegt annað hefur verið gert svo sem sérstakur föndurdagur eiginkvenna okkar fór fram í lok janúar sem lauk með að Höfðafélagar sameinuðust þeim í hátíðarkvöldverði og skemmtun fram á nótt.

Farið var í Keiluhöllina þar sem leikið var eitt kvöld og krýndur keilumeistari Höfða, að þessu sinni var það Reynir Áslaugsson.

Byggendaklúbbur: Hápunktur starfsins hjá byggendaklúbbum var án efa heimsókn Alan Penn verðandi heimsforseta og eiginkonu hans. Sérstaklega var eftir því tekið hversu alþýðlegur hann var og hvað hann gaf sér góðan tíma að ræða við ungmennin. Við vorum vissulega stoltir að vera þarna viðstaddir og sjá hversu duglegir krakkarnir voru að ræða við Alan á ensku en forseti byggendaklúbbsins hélt tölu á íslensku og jafnframt á ensku.

Desember er mikill vinnumánuður hjá okkur Höfðafélögum og til að veita innsýn í það starf okkar sem þá fer fram skal fyrst nefna söfnun í matarkörfur handa bágstöddum í Grafarvogi og Grafarholti. Að þessu sinni var safnað í 24 körfur hver að verðmæti kr. 33.000. Síðan var það okkar árlega fjáröflunarverkefni “flugeldasalan” og fór hún fram á hefðbundinn hátt. Afrakstur flugeldasölnunnar var viðunandi og félagsmenn sáttir við árangurinn.

Gestir:

Við fengum í heimsókn Ragnar Örn Pétursson kjörumdæmisstjóra og flutti hann okkur fróðlegar upplýsingar um störf hreyfingarinnar.

Guðbrandur Hansson lögreglufulltrúi í Fíkniefnadeild Lögreglunnar kom og flutti fróðlegt erindi og gaf okkur innsýn í eitt stærsta fíkniefnasmyglmál sem upplýst hefur verið hér á landi.

Starf og breytingar :

Kjörforseti Kristján Jóhannsson óskaði eftir að losna undan embættisskyldum í klúbbum vegna breytinga á persónulegum högum og var orðið við því en Kristján mun að sjálfsögðu starfa áfram í klúbbum og taka við þeim skyldum sem honum verður falið síðar. Við embætti kjörforseta tekur Hlynur Árnason. Einn félagi hefur hætt störfum í klúbbum en það er Jón Sigurður Pálsson.

Styrkir:

Styrkur var veittur einstæðri fjögurra barna móður að upphæð kr. 160.000. Sameiginlegt styrktarverkefni , Kiwanisklúbbsins Höfða ásamt tveimur Lionsklúbbum í Grafarvogi og Íslandsbanka stendur að ákveðnu styrktarverkefni í Grafarvogi sem þegar er hafið en búið er að styrkja vinnuheimili fatlaðra við Gylfaflöt með tækjakaupum að upphæð kr. 250.000. Frekari verkefni bíða til vorsins.

Nokkrar styrktarbeiðnir bíða afgreiðslu og koma til framkvæmda á næstu vikum. Höfði mun styrkja nýtt heimsverkefni.

Lokaorð:

Mætingar á fundi og mannfagnaði á vegum klúbbsins hefur verið afburða góð á þessu starfsári enda lögð áhersla á að menn séu virkir og duglegir að tjá sig í ræðustól sem og utan hans eins og sást best þegar efnt var til sértakrar hringborðsumræðu um ákveðin málefni innan klúbbsins.

Með Kiwaniskveðju;

Guðmundur St. Sigmundsson , forseti Höfða

Skýrsla forseta Jörfa
á svæðisráðsfundi Eddusvæðis haldinn í Mosfellsbæ 26.mars 2011

Frá síðustu svæðisráðstefnu Eddusvæðis sem haldinn var 13. november í Reykjavík er þetta helst að fréttu af starfi Jörfa.

Frá síðustu svæðisráðstefnu Eddusvæðis höfum við haldið 9 fundi í klúbbum og 4 stjórnarfundum. Mætingar hafa verið mjög góðar og að meðaltali hafa 22 félagar mætt á hvern fund. Meðaltals fundarmæting er 78,5% , en með mætingarviðurkenningum er hún 88%.

Fjölskyldufundur Jörfa var haldin 15.11.10. og var sá fjölsóttasti í klúbbum frá upphafi en 54 sóttu fundinn og hlýddu á fyrirlestur Helen Breiðfjörð um Foreldrahúsið. Jólafundur og konukvöld var haldið í Ými, þar flutti Sr. Þór Hauksson hugvekjju og síðan var Umhyggju, félags langveikra barna afhentur styrkur, sem var ágóði sviðaveislu Jörfa.

Þrjú fyrirlesarar hafa komið á fundum og flutt fróðleik og skemmtan. Ævar Jónsson um kæfisvefn, Sindri Sigurgeirsson formaður sauðfjárbænda um landbúnaðarmál og sauðfjárrækt og Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur flutti erindi um veðurfar. 14 mars var farið í heimsókn í Álverið í Straumsvík , þar var fróðlegur fyrirlestur og kynning á starfsemi og skoðun inn í kerskála.

Skýrsluskil frá nefndum var 31. jan, voru skil afar góð og sýndu mjög öflugt starf í nefndum. Þá hefur uppstillingarnefnd lokið störfum og sett fram nýjan lista embættismanna, sem verða í kjöri á stjórnarkjörsfundi þann 29. apríl n.k

Gönguklúbbur Jörfa hefur starfað frá því í haust og hefur verið fremur fámennt framan af vetri, en þar hefur orðið breyting á. Því nú er fjöldinn kominn upp í 8 – 13 þátttakendur og er gengið í hvaða veðri sem er.

Fjáröflunarverkefni Jörfa eru hefðbundin , það er sælgætissölu fyrir jólin, blómasala á konudaginn og sviðaveislan á fyrsta vetrardag. Hafa fjáraflanir okkar í vetur gengið vel, þrátt fyrir viðvarandi kreppu. Sviðaveislan skilaði okkur 433 þúsund, sælgætissalan þar seldum við 446 kassa, sem skiluðu 902 þúsund. Blómasalan skilaði okkur 290 þúsund.Í þessum verkefnum fóru samtals 1068 vinnustundir.

Á næstunni er Þjóðhátíð Jörfa það er tilhlökkun allra sem taka þátt, en um er að ræða tveggja náttu dvöl í Ölfusborgum og ofáti í hrossa-kjöti og kindasviðum í Ölvershúsinu í Þorlákshöfn eins og einn félagi okkar orðar það. Þá er framundan hjálmaverkefnið og K- dagsverkefnið.

Með vorinu er svo fyrirhuguð gróðursetningarferð í lundinn okkar í Heiðmörk og svo er sumarferð okkar í ágúst, sem að þessu sinni verður farin í Reykholtsdalinn.

Félagar í Kiwanisklúbbum Jörfa leggja áherslu á að starfið sé lifandi og skemmtilegt, og það er ávallt tilhlökkun að takast á við næsta verkefni eða mæta á næsta félagsfund. Þannig verður Kiwanisstarfið lifandi..

Valur Helgason, forseti Jörfa

Jörfi – Það er málið !



Svæðisráðstefnuskýrsla

26.mars 2011

Haldin í Geysishúsinu

Mosfellsbæ

Skýrsla forseta Kötlu

Svæðisráðsfundur Eddu/Þórssvæðis 26.mars 2011 í Geysishúsinu Mosfellsbæ.

Frá síðastu Svæðisráðstefnu, 13.nóv.2010 hafa verið haldnir 9 fundir, 5 almennir fundir og 4 félagsmálafundir. Auk þess héldum við okkar árlega Þorrablót 22. Janúar og að þessu sinni fór það fram að Engjateigi 11. Einnig hafa verið haldnir 4 stjórnarfundir.

Jólafundur var haldinn 15. Desember, mættir voru 65 félagar makar og gestir. Prestur var séra Sigurður Arnarson í Kópavogskirkju. Eftir ágæta jólahugvefju hans afhenti klúbburinn honum 42 gjafabréf að andvirði 5000 kr. hvert til styrktar bágstöddum fjölkyldum í hans sókn.

Ræðumenn á almennum fundum í vetur hafa verið 3, Njáll Sigurðsson Kvæðamaður þann 1.des Jón Viðar Matthíasson Slökkviliðsstjóri 19. Janúar og Þórarinn Eldjárn 2.mars

16. febrúar héldum við sameiginlegann fund með Kiwanisklúbbnum Búrfelli á Selfossi. Þá fórum við 17 Kötlufélagar með rútu sem Jóhannes ritari ók og áttum með þeim góða kvöldstund. Þar var ræðumaður Eiríkur verkfræðingur sem útlitaði hugmyndir sínar um virkjun Ölfusár jafnhliða Brúargerð á Selfossi. Þá var Guðjóni forseta Búrfells afhent síðbúin gjöf vegna 40 ára afmælis þeirra, en Katla er móðurklúbbur Búrfells.

Á almennum fund 2. Mars sem jafnframt var II í þorrablóti heimsóttu okkur félagar úr Setbergi og Sólborgu. Hjördís Umdæmisritari hélt þar tölu og hvatti konur vorar til dáða um aukna þátttöku í Kiwanishreyfingunni, td. með stofnun nýrra kvennaklúbba.

Á félagsmálafund 2.febrúar sem jafnframt var skýrsluskilafundur, heimsótti okkur Ragnar Kjörumdæmisstjóri og Keilisfélagi. Hann hélt ágætt erindi um langtíma áætlun um fjölgun félaga í hreyfingunni, væntanlegar breitingar á svæðaskiptingu ofl. Þá komu í óvænta heimsókn Allan Penn Kjörheimsforseti og Andrés Hjaltason fyrrum Umdæmisstjóri og Keilisfélagi. Mr. Penn hélt stutta tölu um Kiwanisstarfið ofl.

Uppstillinganefnd lauk störfum 7. Mars og ný stjórn Kötlu starfsárið 2011-2012 var kynnt á félagsmálafundum 16.mars

Fundarsókn hefur almennt verið góð í vetur og fundir verið léttir og að ég held fremur skemtilegir, félagarnir verið virkir á fundum og nefndarstörf með miklum ágætum. Þessa dagana er Dagskrárnefnd að leggja lokahönd á undirbúning að 45 ára afmælishófi Kötlu sem haldið verður 1.apríl n.k.

Fjárafliar hafa gengið vel í vetur, en nokkrir félagar stóðu í 2 verslunum fyrir jól og seldu Jólasveinasegla, eins og gert var í fyrravetur. Einnig var staðið fyrir skötuveislu á Þorláksmessu, að Engjateigi 11. Fremur lítil eftirspurn var eftir skötunni í ár en því meiri eftir jólasveinunum. Samtals skilaði þetta tvent tæpum 600.00 kr. í kassan. Okkar aðal tekjulind, Klukkan á Lækjartorgi telur inn sem aldrei fyrr, ávalt fullir gluggar af auglýsingum. Þar hefur ritarinn okkar hann Jóhannes skilað afreksverki í útvegun auglýsinga.

Af verkefnum sem við tókum þátt í er helst að nefna Hjálma verkefnið þar sem Helgi Straumfjörð stendur vaktina eitt árið enn, og K-dagsverkefnið þar sem Ólafur S. Sveinsson hefur tekið þátt í að skipuleggja sölustarfið í nefnd Reykjavíkurklubbanna undir styrki stjórn Páls V. Einnig sjá nokkrir félagar um, sem endranær, að ekki skorti Kötluútkur á Barnaspítala Hringins eða „Mjúkdýr“ í sjúkrahúslana.

33 félagar voru um síðustu mánarmót skráðir í klúbbinn, en tveir félagar okkar létust í vetur. Gumundur J. Kristjánsson málari lést í desember og Jónas Helgason, Varaforseti Kötlu, í Janúar. Er þeirra sárt saknað af klúbbfélögum og þeirra skarð vand fyllt.

Það hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan Kiwanishreyfingin var stofnuð í bílaborginni Detroit 1915, mestan part af mönnum sem vildu efla viðskiptasambönd sín á milli en einnig til þess að láta gott af sér leiða út í samfélagið. Ein grein úr Markmiðum Kiwanishreifingarinnar hljóðar svo; Stuðla ber að því að dagleg breytni manna á meðal byggist á hinni gullvægu reglu „Það sem að þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skulið þér og þeim gjöra“. Við lifum nú í dag við manngerðar þrengingar, sem sumir nefna Kreppu, mikið atvinnuleysi og fleira í þeim dúr. Sennilega hefur þessi regla sjaldan átt eins vel við og nú. Að láta gott af sér leiða er einnig gamalt máltæki sem við í Kiwanis höfum tekið upp á okkar arma og styrkjum samfélagið eftir bestu getu. Það getum við ekki nema við höldum við vináttunni og félagsskapnum í hreyfingunni.

Góðar stundir

Gísli Skarphéðinsson
Forseti Kötlu

Svæðisráðsfundur Eddusvæðis, haldinn í Mosfellsbæ, 26.03.2011.
Þyrill, Akranesi, kt.560480-0249. Pósthólf 49-300. Skýrsla forseta:

Starfsárið hófst formlega með stjórnarskiptafundi 4. Okt. s.l. Jón Jakob Jóhannesson svæðisstjóri Eddusvæðis stýrði stjórnarskiptum. Ný stjórn er þannig skipuð. Stefán Lárus Pálsson, forseti. Sæmundur Óskar Ólason, kjörforseti. Jón Trausti Hervarsson, varaforseti. Halldór Fr. Jónsson, fráfarandi forseti. Ingimar Hólm Ellertsson, ritari. Georg Þorvaldsson, féhirðir. Ellert Ingvarsson, erl. Ritari, og Kristján Pétursson, meðstjórnandi. Fundir eru haldnir samkvæmt útgefinni fundaskrá annan hvern mánudag, fram að aðalfundi, alls 18 fundir. Stjórnar-og nefndafundir 1. þriðjudag hvers mánaðar, og oftast ef þarf. Mæting á fundi hefði mátt vera betri, en fer batnanandi. Ræðumenn og fyrirlesarar hafa mætt á 6 fundi það sem af er. Ragnar Örn Pétursson kjörumdæmisstjóri kom á fund , á samt Hjördísi Harðardóttur. Þau fluttu bæði fróðleg erindi. Ragnar var að hefja röð heimsóknna í klúbbana. Þá kom Hörður Baldvinsson forseti Mosfells, og fulltrúi í K-dagsnefnd, við annan mann á fund of fræddi okkur um framkvæmd væntanlegs K-dags. Við héldum jólafundinn á Safnasvæðinu hjá Byggðasafninu í Görðum, og buðum mökum okkar og gestum til veislu. Hófst kvöldið með fordrykk í „Gamla stúkuhúsinu“ sem áður var félagsheimili templara á Akranesi, en hefur verið flutt á safnasvæðið, og fengið nýtt hlutverk. Fyrrum ungtemplarar í hópnum sögðu þetta góða tilbreytingu. Einu sinni væri allt fyrst! Á fundinum voru teknir inn tveir nýir félagar. Þeir Ástþór Jóhannesson og Björgvin Eypórsson, var þeim vel fagnað. Þyrilsfélagar eru þar með orðnir 32. Eftir langt kyrrstöðutímabil hefur okkur fjölgað um 4 í klúbbnum á rúmu ári. Vonandi tekst okkur að bæta um betur og lækka meðalaldurinn í klúbbnum en frekar. Fjáröflum klúbbsins hefur áratugum saman verið sala flugelda um áramót. Fyrir nokkrum árum tókum við upp samstarf við Knattspyrnuráð ÍA við söluna til styrktar unglिंगastarfi félagsins, uppá helmingaskipti ágóða. Þetta er báðum til hagsbóta, salan í ár gekk vel, miðað við aðstæður. Það sem af er starfsárinu höfum við veitt eftirfarandi styrki: 1. Unglingastarf ÍA, 270.000 kr. 2. Fjölskylduhjálpi Vesturlands, mæðrastyrksnefnd, 200.000 kr. 3.. III. fl. drengja, Knattspyrnufélags ÍA, styrkur til utanlandsferðar. Munu þessir sömu drengir aðstoða okkur Þyrilsfélaga við sölu K-lykils í vor, gegn umsömdum sölulaunum. 4. Við höfum samþykkt að veita umbeðinn styrk næstu 5 ár, til styrktar baráttuverkefni Kiwanishreyfingarinnar gegn stífkrampa. Við höfum heimsótt félagana í Mosfelli í vetur, og ætlum að hitta Drangeyjarfélaga norðan heiða með vorinu. Möguleik er á fleiri heimsóknum. Vonandi tekst okkur að ljúka starfsárinu svo sómi sé að.

Akranesi, 26. Mars, 2011.

Með Kiwaniskveðju,

Stefán Lárus Pálsson, forseti Þyrils, Akranesi.